

## LÖG

### um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð: *Reikiþjónusta:* Símtalsþjónusta, SMS-þjónusta, MMS-þjónusta og önnur gagnaflutningsþjónusta í farsímaneti sem á upphaf hjá viðskiptavini í farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttækið af viðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,65%“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: 0,10%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „reikisímtal“ í 1. mgr. kemur: reikiþjónusta.
- b. Í stað orðsins „reiki“ í inngangsmálslið 2. mgr. kemur: reikiþjónusta.
- c. Á eftir orðinu „Hámarksverð“ í c-lið 2. mgr. kemur: í heild- og smásölu.
- d. Við 2. mgr. bætast fjórir stafliðir, svohljóðandi:
  - i. Reglur um tímamælingar og gjaldfærslur reikisímtala.
  - j. Gjaldtöku fyrir móttöku talhólfsskilaboða í reikiþjónustu.
  - k. Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar upplýsingar um verð og annað tengt gagnaflutningsþjónustu í reiki.
  - l. Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fylgjast með gagnaflutningsnotkun sinni á grundvelli verðs og magns og veita þeim kost á að velja efstu mörk fyrir slíka þjónustu yfir ákveðið tímabil.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lækkun jöfnunargjaldsprósentu skv. 2. gr. gildir afturvirkir frá 1. janúar 2009.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Kristján L. Möller.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2009